

# Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 5 febrúar 2025

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sverrisson, og Páll Ægir Pétursson

Á fjarfundi: Pálmi Gauti Hjörleifsson, Kristinn Hólm, Vignir Traustason og Friðrik Höskuldsson, Jón Frímann Heimir Karlsson, Tryggvi Eiríksson.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

## Dagskrá

### 1. Ósk Vísis á Suðurnesjum um að sameinast Félagi skipstjórnarmanna.

ÁS fór yfir málið og sagði að það hefði verið samþykkt á aðalfundi Vísis þann 29. desember 2024, að fela formanni að ganga til samninga við Félag skipstjórnarmanna um að sameina félögin.

Félagsmenn í Vísi eru 160, þar af eru 60 starfandi. Samþykkt var á stjórnarfundum FS þann 9. janúar sl. að ÁS hefði umboð stjórnar til að ræða við stjórn Vísis. ÁS hefur átt í samskiptum við formann Vísis Jóhannes Jóhannesson, og í framhaldi átti ÁS fund með mönnum úr stjórn Vísis þeim Jóhannesi Jóhannessyni, Sæmundi Halldórssyni og Jóhanni Inga Grétarssyni auk Sigurðar Jónssonar skipstjóra, þar sem farið var yfir fyrirhugaða sameiningu, hvernig standa bæri að kynningu og atkvæðagreiðslu um sameininguna. Ákveðið að ÁS myndi semja kynningarbréf ásamt Jóhannesi sem myndi senda Vísis félögum bréfið í febrúar og atkvæðagreiðsla fer síðan fram meðal Vísis félaga dagana 10 til 24 mars. Verði sameining samþykkt í Vísi verður tillaga um sameiningu lögð fyrir aðalfund FS þann 30. maí nk. Samþykki aðalfundur FS sameininguna, munu Vísis menn, verða félagar í FS frá 1. júní nk. með þeim réttindum sem þeir hafa í Vísi.

Fomaður fór yfir eignir Vísis sem er íbúð á Akureyri, sumarhúsi í Brekkuskógi og inneign í banka. Upplýsingar um málið verða settar á heimasíðu félagsins.

### 2. Íbúðamál.

Bárður Tryggvason fasteignasali á fasteignasölu Gimli mætti á fundinn en hann og ÁS skoðuðu íbúðir í nýbygginu á Heklureitnum. Þeir tóku frá 4 íbúðir í húsinu án skuldbindingar. Íbúðirnar verða tilbúnar í september nk. Íbúðirnar eru frá 83,7 m<sup>2</sup> til 112,3 m<sup>2</sup>. og allar með bílastæði í bílastæðahúsi nema ein en bílastæði kostar um 10 – 11 milljónir fyrir þá íbúð. Íbúðirnar eru allar 3ja herbergja með tveimur svefnherbergjum og voru fundarmenn nokkuð skeptískir á það. Samþykkt að ÁS og Bárður kanni möguleika á einni fjögurra herbergja íbúð og skoði möguleika á því að kaupa íbúðir annars staðar.

### 3. Önnur mál

ÁS sagði í stuttu máli frá Nordisk vetrarfundinum í Haugasundi sem haldinn var nýlega.

Einnig sagði ÁS frá því að hann hefði sótt fund á Akureyri sem haldinn var af Samherja fyrir fulltrúa stéttarféлага og aðra hagsmunaaðila, bæjarstjórum á Akureyri, Dalvík og fl. Til fundarins var boðað vegna áforma stjórnvalda um að auka strandveiðar. Það er óásættanlegt að auknar heimildir til strandveiða verði teknar úr aflamarkskerfinu og ljóst að félagsmenn okkar munu verða af verulegum tekjum. Nokkur umræða skapaðist um málið, skoðanir skiptar, en fundarmenn almennt sammála þessum rökum.

ÁS sagði frá því að hann og Jóna Brynja Birkisdóttir hefðu átt fund með Hönnu Katrínu Friðriksson atvinnuráðherra. Á fundinum var farið yfir ýmis hagsmunamál félagsins er varða Verðlagsstofu skiptaverðs, fyrirhugaða aukningu stjórnvalda til strandveiða, nauðsyn áframhaldandi hvalveiða og fleiri mál.

ÁS ásamt Páli Ægi átti fund með samgönguráðherra í gær m.a.um alþjóðlega skipaskrá, fagrað um siglingar, menntun sjómanna og fl. Samgönguráðherra er áhugmaður um þessi málefni og tók þeim